

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, föstudaginn 19. október 2018, kl. 12:00 í herbergi 334 Aðalbyggingu H.Í.

Mætt voru: Elínborg Sturludóttir, Haraldur Briem, Sólveig Anna Bóasdóttir og Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður, sem færði fundargerð. Ástríður Stefánsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Um stöðu stofnunarinnar

Stjórnarformaður greindi frá því að forsætisráðherra hefði kynnt sér áform um að gera samning til þriggja ára við Siðfræðistofnun. Samkvæmt honum myndi stofnunin verða stjórnvöldum til ráðgjafar um einstök mál á sínu málefnasviði og fylgja eftir tillögum skýrslu starfshóps um traust í stjórnámálum.

Stjórnarformaður greindi einnig frá samtali við rektor þar sem fram kom vilji til að Háskólinn myndi leggja af mörkum fjárhæð til viðbótar styrk frá forætisráðuneytinu sem myndi gera stofnuninni kleift að ráða starfsmann í fullt starf til að sinna þessum verkefnum.

Stjórnarformaður hafði greint stjórnarmönnum frá báðum þessum málum með tölvupósti milli funda.

Stjórnarmenn voru sammála um að brýnt væri að ráða starfsmann til stofnunarinnar og ræddar voru hugmyndir um hvernig standa ætti að því. Stjórnarformanni var falið að vinna að málinu.

3. Stjórnarformaður greindi stuttlega frá nýlegum viðburðum sem stofnunin kom að.

- i. Aðkoma að alþjóðlegri ráðstefnu WMA um læknisfræðileg siðfræði í Hörpu 2.–4. okt. Nemendur í hagnýttri siðfræði fengu að sitja málstofu um líknardráp.
- ii. Þátttaka í málstofunni „Getum við nú talað um Icesave?“ á ráðstefnunni *Hrunið, þið munið* í Háskóla Íslands 5.–6. okt.
- iii. Hádegiserindi um mál í umræðunni.
 - a. Fannar Ásgrímsson, M.A. í hagnýtri siðfræði, ræddi um bólusetningar barna miðvikudaginn 26. sept. í Odda 202. Viðbrögð frá Haraldi Briem.

4. Nýleg erindi til stofunarinnar

Verkjafræðifélag Íslands – beiðni um þátttöku í málþingi
Velferðarráðueytið – beiðni um erindi á heilbrigðisþingi
Stúdentaráð – aldursgreining á fylgdarlausum ungmennum

5. Mál á döfinni

Stutt umræða varð um frumvarp um tilkynningarskyldu varðandi meingen sem finnast í erfðarannsóknum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13:15